

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Tjarnarhverfis.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Tjarnarhverfi.

Deiliskipulagið felst meðal annars í breytingu á reit Búmanna auk fleiri breytinga.

Deiliskipulag nemendaíbúða við íþróttakademíu að Krossmóa.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag fyrir nemendaíbúðir við íþróttakademíu að Krossmóa.

Deiliskipulagið felur í sér staðsetningu nemendaíbúða við Krossmóa.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsauglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 26. apríl 2005.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs,

Viðar Már Aðalsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð.

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi. Samþykktin nær til rotþróa, fráveitukerfa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu þeirra eða endurgerð þeirra á nýjar deiliskipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Bláskógabyggð er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrir mælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

3. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

4. gr.

Bláskógabyggð sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróm og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzyrna til að auka virkni rotþróa.

II. KAFLI

Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við tíðni og eftir því sem við verður komið magn seyru. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Samþykktin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. apríl 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.